



3. nóvember 2021

## Yfirlýsing Seðlabanka Íslands í loftslagsmálum

Seðlabanki Íslands er meðlimur í samtökum um grænni fjármálageira (e. Network for Greening the Financial System, NGFS) og styður bankinn yfirlýsingu samtakanna í tengslum við 26. loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (COP26).

Seðlabankinn styður markmið um sjálfbærni. Loftslagsbreytingar eru stærsta áskorun okkar tíma enda ógna þær hagsæld, velferð og tilvist mannkyns. Loftslagsáhætta, þar með talin sú hætta er stafar af umbreytingu í kolefnishlutlaust hagkerfi, felur í sér áraun fyrir fjármálakerfið og hagkerfið í heild. Enginn ábyrgur þátttakandi í efnahagslífi þjóðarinnar getur setið hjá.

Þótt meginábyrgðin á því að innleiða stefnu og tryggja fjármagn til að draga úr loftslagsáhættu og stuðla að skipulegri umbreytingu liggi hjá öðrum stjórnvöldum eru viðfangsefni á verksviði seðlabanka sem krefjast þess að þeir leggi sitt af mörkum. Mikilvægt er að seðlabankar virði lögboðið valdsvið sitt og bregðist við af ábyrgð þegar þeir standa frammi fyrir ógn af þeirri stærðargráðu sem loftslagsváin er.

Innan verkahringis seðlabanka fellur að skilgreina, meta og vakta hugsanlega áhættuþætti og áhrif loftslagsbreytinga, bæði á hagkerfið í víðu samhengi og á þanþol fjármálakerfisins. Að sama skapi er mikilvægt að sérhver seðlabanki sýni gott fordæmi með því að færa eigin rekstur og starfsemi í átt að kolefnishlutleysi.

### Seðlabanki Íslands skuldbindur sig til eftirfarandi aðgerða:

- Seðlabankinn stefnir að kolefnishlutleysi í eigin starfsemi með markvissum hætti frá og með árinu 2021. Einnig hefur hann sett sér markmið um að minnka kolefnisfótspor sitt um 40% fyrir árið 2030 og styður þar markmið stjórnvalda um að uppfylla alþjóðlegar loftslagsskuldbindingar Íslands. Aðgerðaáætlun um þetta markmið verður birt í næstu ársskýrslu bankans og árangur bankans við að uppfylla skuldbindingar sínar verður jafnframt birtur árlega.
- Seðlabankinn mun setja fram leiðbeiningar fyrir eftirlitsskylda aðila sem auðvelda þeim að skilgreina, meta og vakta þá loftslagsáhættu sem fram kemur á efnahagsreikningum þeirra. Bankinn mun vinna með fjármálafyrirtækjum til að öðlast betri skilning á loftslagsáhættuþáttum er snúa að fjármálakerfinu og hagkerfinu í heild, bæði raunáhættu og umbreytingaráhættu, s.s. áhættu sem tengist umbreytingu í lágkolefnis- eða kolefnishlutlaust hagkerfi.
- Seðlabankinn stefnir að því að taka mið af loftslagsáhættu í álagsprófum á fjármálakerfinu og aðilum fjármálamarkaðar, á grundvelli sviðsmynda NGFS. Bankinn mun nota niðurstöðu

prófanna til að koma auga á veikleika í efnahagsreikningum fjármálafyrirtækja og vekja þau og aðra hagaðila til vitundar um hugsanleg áhrif loftslagsáhættu á fjármálastöðugleika.

- Seðlabankinn mun setja lágmarkskröfur um hvernig taka skuli tillit til loftslagsáhættu við varðveislu gjaldeyrisforðans.
- Seðlabankinn mun miðla þekkingu á loftslagstengdum viðfangsefnum sem hann öðlast á grundvelli reynslu sinnar, sérfræðikunnáttu og þátttöku í alþjóðlegu samstarfi með fjármálafyrirtækjum og öðrum stjórnvöldum til þess að auðvelda þeim að auka og styrkja vinnu sína á þessu sviði.
- Seðlabankinn mun nota fræðsluefni frá NGFS til að veita starfsfólki sínu nauðsynlega færni og þekkingu á loftslagstengdum áhættuþáttum í því skyni að innleiða viðeigandi tillögur NGFS á skilvirkan hátt.